

Niðurstöður ferðavenjukönnunar HR 2010

Ferðavenjukönnun HR var gerð í fyrsta skipti dagana 11. mars til 22. mars 2010. Könnunin var send til allra nemenda og starfsmanna HR og var megintilgangurinn að komast að því hvaða ferðamáta menn væru að nota til að komast til og frá HR. Niðurstöður könnunarinnar verða meðal annars notaðar við innleiðingu umhverfisstefnu HR, en samgöngur eru ein meginstoð umhverfisstefnunnar, og meðal markmiða hennar er að hvetja til notkunar visthæfra bíla og almenningsgangna og styðja við umhverfisvænar og heilsusamlegar ferðavenjur nemenda og starfsmanna.


I. Um svarendur:

Ferðavenjukönnunin var send út 11. mars 2010 og ein ítrekun nokkrum dögum síðar. Svarendur voru alls 671 þegar könnuninni var lokað 22. mars. Hér undir eru nánari upplýsingar um svarendahópinn:

- Svarendahópurinn skiptist þannig að 81% voru nemendur í gráðunámi, 3% skiptinemar en 15% starfsmenn.
- Um þrír fjórðu svarenda eru að jafnaði staðsettir í Nauthólsvík en um einn fjórði í Ofanleiti.
- Af svarendum sögðust um 84% vera í fullu námi eða fullu starfi við HR en um 16% í hlutanámi eða hlutastarfi.
- Svarendur voru 52% karlar og 48% konur.
- Algengasti aldur svarenda var 25-34 ára (36%) en næstalgengasti aldurinn var 18-24 ára (31%).
- Rúmlega 87% svarenda hafa bíl til umráða en 13% ekki.


II. Ferðavenjur svarenda

Algengast var að svarendur segðust mæta til skóla eða vinnu á bilinu 8:16-8:30 á morgnana, en 21% svarenda mættu á því korteri þann dag sem þeir svöruðu könnuninni. Á mynd 1 má sjá saman teknar tölur um hvenær svarendur mæta til skóla eða vinnu.




Mynd 1. Hvenær mættir þú í skóla eða til vinnu í HR í morgun (síðasta virka dag sem þú mættir)?

Mynd 2 sýnir hvort einhverjir viðkomustaðir eru hjá fólki á leið til eða frá skóla eða vinnu, en þetta getur haft mikil áhrif á möguleika manna til að nýta til dæmis almenningsgangur. Ljóst er að tæpur þriðjungur kemur við einhvers staðar á leiðinni í HR og að meira en helmingur hefur einhverja viðkomustaði á leið heim.



Mynd 2. Voru (eða verða) einhverjir viðkomustaðir á ferðum þínum til og frá HR í dag?

Mynd 3 sýnir ferðamáta svarenda á þeim degi sem þeir svöruðu könnuninni. Mjög lítill munur var á ferðamáta til og frá skóla eða vinnu, svo niðurstaðan er einungis sýnd fyrir heildina.



Mynd 3. Vinsamlega notaðu töfluna hér undir til að tilgreina ferðamáta þinn í dag (eða síðasta virka dag sem þú mættir).


Sjá má á mynd 3 að um 60% kemur á eigin einkabíl, rúmlega 10% koma á eigin bíl en með farþega eða fá far hjá öðrum og tæp 10% nota almenningssamgöngur. Hjólandi eða gangandi komu færri eða um 6%. Veðrið þá daga sem könnunin var gerð var nokkuð gott miðað við árstíma, en oftast var skýjað með lítils háttar úrkomu og hitastig um 2-5 stig.

Svarendur voru þvínæst spurðir hver væri helsta ástæða þess að þeir völdu þann ferðamáta sem þeir völdu. Niðurstöður má sjá hér undir:

- Þeir sem **komu á bíl** sögðu það oftast vera vegna þess að það væri fljótlegt (44%), áreiðanlegt (26%) eða vegalengdin of löng fyrir aðra ferðamáta (21%).
- Þeir sem notuðu **almenningsamgöngur** sögðu oftast að það væri vegna þess að það væri ódýrt (57%), að vegalengdir séu of langar fyrir aðra ferðamáta (15%) eða vegna þess að það sé umhverfisvænt (13%).
- Þeir sem **gengu eða hjóluðu** sögðu oftast að það væri vegna þess að það er heilsusamlegt (59%), en nokkrir nefndu einnig að það væri ódýrt (16%).


Svarendur voru spurðir hve lengi þeir séu á leiðinni til skóla eða vinnu í HR. Algengast er að svarendur séu 11-15 mínútur á leiðinni til skóla eða vinnu (29%), en næst-algengast er að menn séu 16-20 mínútur (19%) eða 6-10 mínútur (18%). Um 9% svarenda eru lengur en 40 mínútur á leiðinni.

Langflestir svarendur fara ekki reglulega af háskólalóðinni yfir daginn, eða 63%. Þeir sem fara reglulega af lóðinni fara oftast vegna hádegismatar (15%) eða vegna fundar (7%). Af þeim sem fara reglulega af háskólalóðinni yfir daginn er langalgengast að menn ferðist með eigin bíl, en nánari niðurstöður úr þessari spurningu má sjá á mynd 4. Almennt eru svörin svipuð og varðandi það hvernig menn koma til skóla eða vinnu, nema strætó er minna notaður í þessum erindagjörðum, meðan ganga og hjól eru meira notuð.



Mynd 4. Hvernig ferðastu yfirleitt þegar þú ferð af háskólalóðinni yfir daginn, fyrir lok skóla- eða vinnudags (merktu aðeins við einn valkost)?

Mynd 5 sýnir svör svarenda við þeirri spurningu hvort þeir myndu nýta sér það ef HR byði upp á aðgang að bílum í stuttar ferðir á skólatíma. Þar kemur fram að um 35% segjast myndu frekar líklega eða mjög líklega nýta sér slíka þjónustu, en 45% telja frekar eða mjög ólíklegt að þeir myndu nýta sér hana. Tuttugu prósent eru óvissir.



Mynd 5. Ef Háskólinn í Reykjavík myndi bjóða upp á aðgang að bílum í stuttar ferðir á skólatíma fyrir vægt gjald (svipað og strætómíði), hversu líklegt er að þú myndir nýta þann valkost?